

Ávarp Porleifs Karls Eggertssonar, formanns SSNV

Góðan daginn og verið þið velkomin á þetta 3 haustþing SSNV

Undanfarnir mánuðir hafa verið annasamur tími í starfi samtakanna og óhætt að segja að það séu spennandi tímar framundan.

- Vinna við gerð nýrrar sóknaráætlunar er að ljúka. Nýja áætlunin sem liggur fyrir þinginu er metnaðarfull og sérstaklega ánægjulegt hve margir íbúar komu að vinnunni eða á fimmta hundrað manns. Helsta breytingin frá fyrri áætlun eru skýrari aðgerðir og mælikvarðar auk þess sem umhverfismál koma inn með enn meiri þunga.
- Áætlunin er eitt og framkvæmd hennar annað – í framhaldi af haustþingi mun hefjast vinna við að skilgreina áhersluverkefni næstu 2ja ára og jafnframt fer strax eftir helgina í gang úthlutunarferli Uppbyggingarsjóðs fyrir árið 2020 sem starfsmenn hafa undirbúið.
- Þau ánægjulegu tíðindi bárust í byrjun september að fjármagn sóknaráætlunar sem rennur til Norðurlands vestra eykst um 15 milljónir með uppfærslu forsenda á reiknireglu skiptingarinnar. Þessir viðbótarfjármunir munu nýtast vel, bæði í aukningu á framlögum í Uppbyggingarsjóð sem og áhersluverkefni.
- Einnig er í fjárhagsáætlun gert ráð fyrir að auknu fjármagni verði veitt til áhersluverkefna af eigin fé samtakanna en lengi hefur verið í umræðunni að hlutverk samtakanna er ekki að safna sjóðum. Miklu nær er að koma fjármuninum í vinnu í þágu landshlutans. Er verið að gera ráð fyrir tvöföldun á framlögum til sóknaráætlunar sem eingöngu verður fjármögnuð af eigin fé og því gert hlé á föstum framlögum sveitarfélaganna. Gert er ráð fyrir að svo verði á meðan að gengið er á eigið fé samtakanna. Það mun væntanlega muna um það í fjárhagsáætlunargerð sveitarfélaganna sem nú stendur sem hæst.
- Ekki má gleyma þeim fjölmörgu verkefnum sem unnin eru í tengslum við þá sóknaráætlun sem senn rennur skeið sitt á enda. Má þar nefna verkefni tengd ferðabjónustu, smávirkjanaverkefnið, greiningu kolefnisspors og fleira.
- Nú á haustdögum náðist mikilvægur áfangi þegar atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytið heimilaði að það fjármagn sem enn stóð eftir, ríflega 21 milljón, af stuðningi til iðnaðaruppbyggingar í landshlutanum sem lofað var árið 2016, yrði nýttur til ráðningar starfsmanns sem bæri ábyrgð á verkefninu. Hefur þetta verið áherslumál stjórnar um 2ja ára skeið og ánægjulegt að loksins ná þessu í gegn. Ráðning er í undirbúningi og vonandi að þessi nýi starfsmaður geti hafið störf fljótlega eftir áramótin. Verður þessi starfsmaður mikilvæg viðbót í starfsmannahóp samtakanna og megin hlutverk hans að laða fjárfestingu inn á svæðið.
- Ekki hægt að láta hjá líða að nefna þá ánægjulegu þróun sem sést hefur á mannfjöldatölum í landshlutanum. Undanfarna mánuði hefur staðan verið svo að fjölgun í landshlutanum hefur haldið í við fjölgun á landsvísu og meira að segja verið meiri en hún í einu tilfelli. Slíkar fréttir eru afskaplega jákvæðar og vonandi verður framhald þar á.

Þetta allt gerir það að verkum að það er ekki hægt annað en að fyllast bjartsýni þegar við brettum upp ermar og hefjumst handa við að hrinda nýrri sóknaráætlun í framkvæmd og efla landshlutann okkar.